

Staða samkomulags stjórvalda og aldraðra frá 19.nóvember 2002 um aðbúnað og skipulag öldrunarþjónustu og hækjun á greiðslum almannatrygginga.

Þann 25. september 2002 skipaði ríkisstjórnin starfshóp sem ætlað var að verða farvegur formlegs samráðs stjórvalda og Landssambands eldri borgara (LEB) um breytingar á almannatryggingalögum og endurskoðun á lifeyrisgreiðslum er kæmu til framkvæmda á næstu árum. Þá var starfshópnum einnig ætlað að fjalla um uppbyggingu hjúkrunarheimila og þjónustu við aldraða með það að markmiði að stytta biðlista og bæta þjónustu. Starfshópurinn var skipaður fulltrúum fjögurra ráðuneyta og Landssambands eldri borgara og skilaði tillögum í skýrslu þann 19. nóvember 2002. Í framhaldi af því undirrituðu ríkisstjórn Íslands og Landssamband eldri borgara yfirlýsingi í ráðherrabústaðnum 19. nóvember 2002. Var það sameiginleg afstaða ríkisstjórnarinnar og Landssambands eldri borgara að tillögurnar væru til vitnis um gagnlegt samstarf og samráð aðila og endurspegladí samkomulag um aðgerðir ríkisvaldsins í málefnum aldraðra næstu tvö til þrjú árin. Ríkisstjórnin samþykkti að beita sér fyrir því að tillögurnar næðu fram að ganga og var áréttuð að aðilar vildu áframhaldandi samráð um þau viðfangsefni sem tillögurnar taka til og annað það sem upp kann að verða tekið í samráðsnefnd aðila. Tillögur samstarfshópsins eru í níu liðum og lúta að aðgerðum stjórvalda til að bæta aðstæður og lífskjör aldraðra næstu tvö til þrjú árin.

Eftirfarandi er álit samráðsnefndar sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skipaði 31. maí 2005 á efndum samkomulagsins frá 2002:

1. Lifeyrismál.

Í samkomulaginu frá 2002 kemur fram að starfshópurinn hafi kannað tekjuþróun aldraðra miðað við aðra þjóðfélagshópa sem og þróun á greiðslum almannatrygginga síðasta áratug. Niðurstaðan hafi gefið tilefni til að hækka tryggðar tekjur og draga úr jaðaráhrifum tekjutenginga. Lagt var til að hækjunin kæmi til framkvæmda í tveimur áföngum og fyrri áfangi hennar þegar frá áramótum 2002/2003 en sá síðari ári seinna. Í fjárlagafrumvarpi var miðað við að greiðslur Tryggingastofnunar ríkisins hækki sem svari almennum, umsömdum launahækjunum í upphafi árs 2003 samkvæmt almannatryggingalögum. Til viðbótar þessu hækki greiðslurnar með eftirfarandi hætti:

- 1. janúar 2003 hækki tekjutrygging um kr. 3.028 og verði frá þeim tíma kr. 38.500 í stað kr. 34.372.
- Frá sama tíma hækki tekjutryggingarauki um kr. 2.255 og verður frá þeim tíma kr. 18.000 fyrir einhleypa í stað kr. 15.257. Tekjutryggignarauki hjóna og sambýlisfólks hækki um sömu krónutölum og verði kr. 14.066 í stað kr. 11.445.
- Frá sama tíma breytist ákvæði laga um tekjutengingu þannig að skerðingarhlutfall tekna gagnvart tekjutryggingarauka lækki úr 67% í 45%.
- 1. janúar 2004 komi til framkvæmda almenn hækjun samkvæmt ákvæðum almannatryggingalaga.

M. S. K. L. J. 1. CL IB

*þlj
0.0*

Því til viðbótar og frá sama tíma hækki:

- tekjutrygging um kr. 2.000 og verði kr. 40.500 auk almennrar hækkunar samkvæmt framanskráðu;
- tekjutryggingarauki um kr. 2.000 og verði kr. 20.000 fyrir einhleypinga og kr. 16.066 fyrir hjón og sambýlisfólk auk áðurtalinnar almennrar hækkunar.

Álit núverandi samráðsnefndar.

Með reglugerð var tekjutrygging og tekjutryggingarauki hækkuð frá og með 1. janúar 2003 í samræmi við samkomulagið.

Frá sama tíma var ákvæðum almannatryggingalaga um tekjutengingu breytt þannig að skerðingarhlutfall tekna gagnvart tekjutryggingarauka lækkaði úr 67% í 45%.

Í samræmi við samkomulagið hækkuðu tekjutrygging og tekjutryggingarauki um 2.000 kr. hvort um sig frá og með 1. janúar 2004 með reglugerð.

Gripið hefur verið til allra þeirra aðgerða sem samkomulagið frá 2002 gerði ráð fyrir að því er varðar lífeyrismálin.

Athugasemdir LEB.

Þrátt fyrir framangreindar breytingar hefur hagur eftirlaunaþega ekki batnað miðað við aðra hópa.

2. Heimaþjónusta við aldraða.

Samkomulagið frá 2002 gerði ráð fyrir að heimaþjónusta við aldraða yrði eflíð verulega frá því sem þá var með það að markmiði að aldraðir gætu dvalið sem lengst á eigin vegum utan stofnana. Taldi samráðshópurinn mikilvægt til að ná þessu marki að einn aðili væri ábyrgur fyrir þjónustunni, hvort sem um væri að ræða hjúkrun, aðhlynningu eða aðstoð við heimilishald. Lagt var til að stjórnvöld myndu beita sér fyrir samtvinnun þessarar þjónustu undir sameiginlegri stjórn þar sem einn aðili yrði ábyrgur fyrir framkvæmd og fjárhag. Lagt var til að ríkið legði 150 m.kr. til þessa verkefnis á næstu 3 árum (2003-2005) til viðbótar þeim fjárveitingum sem þá gengu til verkefnanna. Samráðshópurinn taldi að samtvinnun þjónustunnar væri brýnust á höfuðborgarsvæðinu.

Álit núverandi samráðsnefndar.

Í samræmi við samkomulagið frá 2002 gerði heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra þann 18. nóvember 2003 samkomulag við Reykjavíkurborg um samtvinnun félagslegrar heimaþjónustu og heimahjúkrunar í Reykjavík. Samkomulagið felur í sér að setja af stað tilraunaverkefni um sameiginlega stýringu heimaþjónustu í Reykjavík. Sameiginleg stýring heimaþjónustu felst í því að Félagsþjónustan í Reykjavík og Miðgarður, Grafarvogi annars vegar og Miðstöð heimahjúkrunar í Reykjavík hins vegar veita einstaklingum þjónustu samkvæmt sameiginlegri þjónustuáætlun. Einstaklingur getur hvort heldur sem er leitað eftir heimaþjónustu hjá heilsugæslustöð, félagsþjónustunni í Reykjavík eða Miðgarði, Grafarvogi. Beiðnum um þjónustu er komið til sameiginlegs heimaþjónustuhóps sem setur upp sameiginlega þjónustuáætlun sem getur falið í sér félagslega heimaþjónustu, heimahjúkrun eða hvort tveggja. Rekstur tilraunar með samtvinnanda þjónustu hófst þann 1. febrúar 2004 og mun standa í tvö ár.

2.
LBB

Kostnaður við tilraunareksturinn er greiddur af fjárveitingu heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins sem samþykkt hefur verið í fjárlögum til að efla heimahjúkrun og samþætta heimahjúkrun og heimaþjónustu í samræmi við samkomulagið frá 2002.

Framlög til heimahjúkrunar hækkuðu ár hvert um 50 m.kr. á tímabilinu 2003 til 2005 eða samtals um 150 m.kr. og er það í samræmi við samkomulagið frá 2002. Þá er á fjárlögum ársins 2006 gert ráð fyrir 20 m.kr. hækjun á framlögum til heimahjúkrunar.

Samkomulagið hefur gengið eftir í meginatriðum. Með sameiginlegri heimaþjónustu í Reykjavík þar sem gerð er sameiginleg þjónustuáætlun fyrir hinn aldraða var náð mikilvægu skrefi í þjónustu við eldri borgara. Þrátt fyrir það telur samráðsnefndin nauðsynlegt að hraða verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga þannig að einn aðili sé ábyrgur fyrir þjónustunni og með því væri hægt að ná því mikilvæga markmiði að aldraðir geti dvalið sem lengst á eigin vegum utan stofnana.

Athugasemdir LEB.

LEB lítur á framangreinda samþættingu heimahjúkrunar og heimaþjónustu í Reykjavík sem tilraun sem sé hvati til að efla þessa mjög mikilvægu þjónustu.

3. Stoðþjónusta í formi dagvistunar og hvíldarinnlagna.

Samkomulagið frá árinu 2002 gerði ráð fyrir að stoðþjónusta í formi dagvistunar og hvíldarinnlagna yrði aukin. Lagt var til að á árunum 2003 til 2004 yrði fjölgæð dagvistarrýmum aldraðra, einkum á höfuðborgarsvæðinu, þar sem sinna mætti 100 manns sem væri í þörf fyrir þessa þjónustu. Jafnframt var lagt til að tryggt yrði aukið framboð á rýmum til hvíldarinnlagna á hjúkrunarheimili og/eða öldrunardeildir sem svaraði 20 rúnum á næstu 12-15 mánuðum (frá janúar 2003 til maí 2004). Leitað yrði eftir samningum við rekstraraðila um báða þessa þætti og valið úr á grundvelli hagkvæmni, öryggis og gæða. Var áætlað að árlegur rekstarkostnaður vegna þessara nýju þjónustupáttá gæti numið 170 m.kr.

Álit núverandi samráðsnefndar.

Dagvistun.

Þess skal getið að 2-3 einstaklingar geta verið um hvert dagvistarrými en samkomulagið frá 2002 gerir ráð fyrir fjölgun rýma á tímabilinu 2003 til 2004 þannig að sinna megi 100 manns.

Dagvistarrýmum hefur alls fjölgæð um 74 á árunum 2003-2004. Af þeim eru 40 rými á höfuðborgarsvæðinu og 20 rými fyrir minnissjúka.

Á árinu 2005 fjölgar dagvistarrýmum alls um 20 og er fjölgunin öll á höfuðborgarsvæðinu.

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2006 er gert ráð fyrir að dagvistarrýmum fjölgji alls um 35 og verði 20 notuð fyrir minnissjúka á höfuðborgarsvæðinu.

*H.K.S. - L.I.L. F.L.B. blm
SS*

Rekstrarkostnaður vegna dagvistarrýma hækkaði um 40 m.kr. ár hvert á tímabilinu 2003 til 2005, þ.e. um 120 m.kr. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2006 er gert ráð fyrir 54 m.kr. hækkun á framlagi vegna dagvistarrýma.

Hvíldarinnlagnir.

Þess skal getið að 8-20 einstaklingar geta verið um hvert hvíldarrými en samkomulagið frá 2002 gerir ráð fyrir auknu framboði á rýmum til hvíldarinnlagna á hjúkrunarheimili og/eða öldrunardeild sem svaraði 20 rúmum á tímabilinu janúar 2003 til maí 2004.

Rýmum til hvíldarinnlagna fjölgæði í samræmi við samkomulagið um 26 hvíldarrými yfir sumarmánuði (20 á Landspítala-háskólasjúkrahúsi og 6 á St. Jósefsspítala) í lok árs 2002 og um 10 ótímabundin rými á árinu 2003.

Engin fjölgun var á hvíldarinnlagnarrýmum á árinu 2004 en á árinu 2005 er 20 tímabundnum hvíldarinnlagnarrýmum á Landspítala-háskólasjúkrahúsi breytt í ótímabundin rými og ótímabundnum rýmum fjölgæð um 2.

Rekstrarkostnaður vegna fjölgunar rýma til hvíldarinnlagna hækkaði á tímabilinu desember 2002 til loka ársins 2005 um rúmlega 190 m.kr.

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2006 er ekki gert ráð fyrir fjölgun hvíldarinnlagnarrýma en gert ráð fyrir að framlög hækki um 10 m.kr.

Í samræmi við framangreint hefur samkomulagið gengið eftir, sbr. fylgiskjal.

4. Flýtiframkvæmd á Vífilsstöðum.

Í samkomulaginu er gert ráð fyrir að húsnæði Vífilsstaðaspítala yrði tekið í notkun hið allra fyrsta án verulegra breytinga til að flýta fyrir því að aldraðir hjúkrunarsjúklingar komist út af sjúkrahúsum í aðstæður sem henta betur þörfum þeirra og spítalanna. Var við það miðað að húsnæðið yrði nýtt, lítið breytt, til bráðabirgða næstu 3-5 árin á meðan önnur þjónusta byggðist upp. Gert var ráð fyrir 69 hjúkrunarrýmum á Vífilsstöðum, þar af 19 rýmum í húsnæði sem kallað er Hóllinn.

Álit núverandi samráðsnefndar.

Ekki tókst að hrinda þessari áætlun í framkvæmd á árinu 2003 þar sem húsnæðið var ekki talið fullnægja ýmsum öryggiskröfum sem gerðar eru til húsnæðis hjúkrunarheimila. Til að uppfylla kröfur um aðbúnað og ástand húsnæðisins, sem er að finna í hinum ýmsu lögum og reglugerðum, þurfti húsnæðið mun meiri lagfæringa við og tóku þær lengri tíma en áætlað var. Hjúkrunarheimili á Vífilsstöðum var tekið í notkun 30. janúar 2004 eftir miklar endurbætur á húsnæðinu og eru 50 hjúkrunarrými þar. Með þeim miklu endurbótum sem gerðar hafa verið á húsnæðinu hafa forsendur breyst hvað það varðar að hér er ekki lengur um bráðabirgðaúrræði að ræða. Endurbætur á húsnæði Vífilsstaðaspítala kostuðu rúmar 300 m.kr.

Hvað varðar nýtingu Hólsins fyrir hjúkrunarrými þá reyndist það húsnæði þegar til kom ekki henta fyrir hjúkrunarrými. Fjárveiting til þeirra rýma var því færð af Vífilsstöðum og rýmum fjölgæð í staðinn á eftirsarandi hjúkrunarheimilum:

SKOFI, H.H.

*C.L.I.B
UB*

*björn
björn*

➤ Holtsbúð, Garðabæ	12 rými
➤ Hrafnista, Hafnarfirði	2 rými
➤ Hrafnista, Reykjavík	3 rými
➤ Skógarbær, Reykjavík	2 rými

Samtals hækkuðu framlög um 330 m.kr. vegna reksturs ofangreindra rýma, þar af um 240 m.kr. vegna Hjúkrunarheimilisins að Vífilsstöðum.

Samráðsnefndin telur að þrátt fyrir seinkun á framkvæmdum hafi efnisatriði samkomulagsins gengið eftir að öðru leyti.

5. Breytt hlutverk Framkvæmdasjóðs aldraðra.

Samkomulagið frá 2002 gerði ráð fyrir að hlutverki Framkvæmdasjóðs aldraðra verði breytt þannig að hann fengi formlega það hlutverk að greiða öldrunarstofnunum húsnæðisframlag, leiguígildi sem standi undir viðhaldskostnaði og stærstum hluta af fjárfestingarkostnaði nýrra hjúkrunarheimila.

Álit núverandi samráðsnefndar.

Með breytingum á lögum um málefni aldraðra nr. 125/1999, sem samþykktar voru á vorþingi 2004, er komið til móts við tillögur í samkomulaginu frá 2002.

Lögin heimila Framkvæmdasjóði aldraðra að greiða þann hluta húsaleigu sem telst stofnkostnaður vegna leigu á hjúkrunarheimili sem samþykkt hefur verið að byggja eftir 1. janúar 2005 á kostnað annarra aðila en ríkisins, að undangengnu útboði.

Tekin hefur verið upp greiðsla húsnæðisgjalds, en því gjaldi er ætlað að standa undir almennu viðhaldi öldrunarheimila. Var greiðsla þessa gjalds tekin upp á árinu 2003. Á því ári námu greiðslur á húsnæðisgjaldi til öldrunarheimila samtals um 280 m.kr. Þar af var þátttaka Framkvæmdasjóðs aldraðra 188 m.kr.

Þá hefur þátttaka Framkvæmdasjóðs aldraða í almennum rekstri hjúkrunarheimila verið lækkuð frá árinu 2002 úr 409,5 m.kr. í 231,5 m.kr. á árinu 2006 (fjárlagafrumvarp 2006). Með því hefur hlutdeild framkvæmdasjóðsins í rekstri hjúkrunarheimila farið úr 56,7% í 23%. Framlög til stofnikostnaðar og viðhalds hjá Framkvæmdasjóði aldraðra námu 312,5 m.kr. á árinu 2002 en nema 770,5 m.kr. á árinu 2006 (fjárlagafrumvarp 2006).

Samráðsnefndin telur að komið hafi verið til móts við samkomulagið frá 2002 að öðru leyti en því að ekki hefur enn náðst að fullu að nota framlag Framkvæmdasjóðs aldraðra alfarið til uppbryggingar á öldrunarþjónustu.

6. Bygging hjúkrunarheimila og fjölgun hjúkrunarrýma.

Samkomulagið frá 2002 gerði ráð fyrir að hjúkrunarrýmum á hjúkrunarheimilum yrði fjöldað um 150-200 rými á næstu 2-3 árum, þ.e. árunum 2003 til 2005. Var áætlað að viðbótarrekstarkostnaður vegna þessa gæti orðið allt að 900 m.kr. miðað við heilt ár.

M.K. · M.M. · S.H. IB
L.B.
S.G. · 5
B.L.H.

Álit núverandi samráðsnefndar.

Á árunum 2003 til 2005 fjölgar hjúkrunarrýmum um 294. Árlegur rekstarkostnaður þessara rýma er 1.510 m.kr. á verðlagi ársins 2005.

Dvalarrýmum hefur verið breytt í hjúkrunarrými á tímabilinu 2003-2005 þannig að hjúkrunarrýmum hefur fjölgað um 51. Gert er ráð fyrir frekari breytingu á dvalarrýmum í hjúkrunarrými á árinu 2006 þannig að hjúkrunarrýmum fjölgi um 20. Ef litið er til framtíðar þá hefur heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra undirritað samkomulag við Reykjavíkurborg um að byggja 110 rýma hjúkrunarheimili í Sogamýri í Reykjavík. Er gert ráð fyrir að það verði tekið í notkun á árinu 2007. Auk þess er á umræðustigi að byggja hjúkrunarheimili með 90 rýmum á Lýsislóðinni í Reykjavík.

Í samræmi við framangreindar tölur hefur samkomulagið frá árinu 2002 gengið eftir, sbr. fylgiskjal.

Athugasemdir LEB.

LEB telur eðlilegt að taka einnig saman upplýsingar um það hvort einbýlum hafi verið fjölgað á hjúkrunarheimilum.

7. Ný rekstrar- og eignarform öldrunarstofnana.

Starfshópurinn frá 2002 taldi tímabært að fjalla um samband hefðbundinna öldrunarstofnana og eiginfjármögnum á íbúðarhúsnæði í tengslum við slíkar stofnanir. Þá taldi starfshópurinn að setja þyrfti skýrari reglur um réttarstöðu, einkum hvað varðar samhengi vistunarmats og forgang að þjónustu og möguleikann á að fá þjónustu í eigin þjónustukjarna.

Álit núverandi samráðsnefndar.

Tekið er undir þá skoðun starfshópsins frá árinu 2002 að tímabært sé að fjalla um framangreint í ljósi breyttra áherslna í málefnum aldraðra.

8. Samningar um rekstur.

Samkomulagið gerir ráð fyrir að formlegir samningar verði gerðir um rekstrarstyrki til dvalar- og hjúkrunarheimila sem kveði á um viðmið um þjónustu, sem og réttindi og skyldur aðila. Taldi starfshópurinn óljósar reglur um viðmið fyrir rekstrarstuðning ríkissjóðs draga úr rekstrarábyrgð á sama tíma og þörf er á auknu sjálfstæði öldrunarstofnana.

Álit núverandi samráðsnefndar.

Í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu hefur verið farið yfir allt verklag að því er varðar úthlutanir úr Framkvæmdasjóði aldraðra. Einnig hefur verið farið yfir hlutverk og ábyrgð þeirra sem nú koma að ákvarðanatöku um úthlutun fjár til uppbyggingar öldrunarþjónustunnar með það að markmiði að skerpt verði á hlutverka- og ábyrgðarskiptingu þeirra sem að því ferli koma.

Ráðuneytið hefur yfirfarið og endurskoðað allt ferli umsókna um framkvæmda- og rekstrarleyfi öldrunarstofnana. Um áramót 2004/2005 var hafin notkun staðlaðs umsóknareyðublaðs um framkvæmda- og rekstrarleyfi og framlög úr

*J.K. Sj. - M. I. 87. f.h. IB
L.B. 6*

björn

Framkvæmdasjóði aldraðra. Sérstök skilmálablöð eru hluti umsóknar og ígildi samnings verði umsókn samþykkt. Þá hefur ráðuneytið gert flæðirit sem sýnir meðferð umsóknar um framkvæmda- og rekstrarleyfi innan ráðuneytis og afgreiðslu framlaga úr Framkvæmdasjóði aldraðra. Flæðiritið sýnir annars vegar verkferla og hins vegar hlutverka- og ábyrgðarskiptingu allra þeirra sem að umsókn koma.

Af hálfu ráðuneytisins verður gengið út frá því að skilmálar umsóknar um rekstrarleyfi verði ígildi samnings. Á sérstöku skilmálalblaði sem er hluti umsóknar um framkvæmda- og rekstrarleyfi eru skilmálar raktir. Þar er m.a. gerð grein fyrir valkostum við fjármögnun öldrunarstofnana, fjármögnun rekstrar og greiðslutilhögum, kröfum til þjónustu og skyldum rekstraraðila.

Tekið hefur verið upp samræmt greiðslukerfi fyrir öll hjúkrunarheimili/-deildir í landinu. Greiðslur vegna hjúkrunarrýma ákvarðast af reiknilíkani, sem tekur mið af umönnunarþyngd íbúa og er stuðst við alþjóðlegt matskerfi (RAI) sem gefur vísbindingar um ástand og þarfir þeirra. Greiðslur eru í formi daggjalda og miðast við nýtt rými.

Með tilkomu sérstaks reiknilíkans, sem er grundvöllur greiðslu fyrir þjónustu öldrunarstofnana, eru í reynd ekki lengur forsendur fyrir umfangsmiklum og tímafrekum samningaviðræðum við einstakar öldrunarstofnanir um kaup á þjónustu. Það er hins vegar nauðsynlegt að skilmálar fyrir uppbyggingu og rekstri öldrunarstofnana og skyldur rekstraraðila og ríkis, sem kaupanda þjónustunnar, séu öllum ljósar áður en leyfi fyrir framkvæmd og rekstri er gefið út.

Í samræmi við framangreint hefur því ekki verið tekið undir ábendingar samráðshóps ríkisstjórnar og LEB um að gerðir verði formlegir samningar um rekstrarstyrki til öldrunarstofnana.

Samráðsnefndin telur í ljósi framangreindra skýringa að skilmálablöð heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins og sú aðferð sem notuð er við að ákvarða greiðslur vegna hjúkrunarrýma (reiknilíkan) nái því markmiði sem stefnt var að í samkomulaginu frá 2002.

9. Sveigjanleg starfslok.

Í samkomulaginu frá 2002 er tekið undir tillögur nefndar um sveigjanleg starfslok og mælt með því að lögum um almannatryggingar verði breytt á þann veg að fólk hafi af því skyran ávinnung að fresta töku lífeyris frá Tryggingastofnun ríkisins, eigi það þess kost og kjósi. Var lagt til að lífeyrisþegi, sem frestað hefði töku ellilífeyris og tengdra bóta almannatrygginga, fengi álag á lífeyri sem svaraði 0,5% fyrir hvern mánuð sem töku lífeyris væri frestað fram yfir 67 ára aldur. Álagið myndi reiknast á alla bótaflokkja sem viðkomandi ætti rétt á við lífeyristöku en greiddist sérstaklega. Til að frestunin hefði örugglega þýðingu þyrfti að taka mið af henni við útreikning á áhrifum annarra tekna og var því lagt til að frítekjumörk hlutaðeigandi myndu hækka sem því svaraði þannig að ekki kæmi til skerðingar annarra bóta vegna áunnins álags á lífeyri.

Álit núverandi samráðsnefndar.

Tillögur starfshópsins frá 2002 hafa ekki gengið eftir. Samráðsnefndin telur að stofna beri vinnuhóp til að gera tillögur um lagabreytingar í samræmi við samkomulagið frá 2002. Í hópnum ættu að vera fulltrúar heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra,

JKS · M/L ·
L.H. TB
LB

björn
Jón

Fjármálaráðherra, félagsmálaráðherra, Tryggingarstofnunar ríkisins og LEB. Einnig ætti að leggja áherslu á að hópurinn taki til starfa sem fyrst og skili tillögum að lagabreytingum á næsta löggjafarþingi.

Eins og hér að framan er lýst hefur samráðsnefnd heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, sem skipuð var í maí 2005 fjallað um stöðu samkomulagsins frá 19. nóvember 2002, um aðbúnað og skipulag öldrunarþjónustu og hækjun á greiðslum almannatrygginga. Farið hefur verið yfir athugasemdir beggja aðila á stöðu samkomulagsins og meginniðurstöður dregnar fram. Enda þótt flest atriði samkomulagsins hafi gengið eftir, þá er enn margt óunnið í málefnum aldraðra. Þörf er á fleiri hjúkrunarrýmum og stórbættri aðstöðu svo og á stoðþjónustu, aðallega á höfðuborgarsvæðinu. Ennfremur þarf að stórefla og samþætta heimahjúkrun og heimajónustu og leggja mun meiri áherslu á uppbyggingu fjölbreyttari búsetuúrræða í stað hjúkurnarheimila.

Með þessu líta aðilar svo á að hlutverki nefndarinnar á þessu sviði sé lokið.

Reykjavík 11. nóvember 2005.

Samráðsnefnd heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um málefni aldraðra
sem skipuð var fulltrúum frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu,
fjármálaráðuneytinu, félagsmálaráðuneytinu og Landssambandi eldri borgara.



Elín R. Lindal, formaður


Ólafur Ólafsson
Margrét Margeirs dóttir
Hallgrímur Guðmundsson
Ingibjörg Brodddadóttir
Helgi K. Hjálmsrúnar

Flnr	Heiti stofnunar	Tegund rýma					
		2000	2001	2002	2003	2004	2005
401	Ný rými 2006	Hjúkrunarrymi					
401	Grenihandur, Grenivík	Hjúkrunarrymi	1	1	1	1	2
401	Hvammur, Húsavík	Hjúkrunarrymi			2	4	2
401	Blesastaðir, Skeiðum	Hjúkrunarrymi		2	3	3	4
401	Sólvellir, Eyrabakka	Hjúkrunarrymi			3	3	3
401	Roðasalir, Kópavogi	Hjúkrunarrymi			3	3	3
401	Sæborg, Skagastönd	Hjúkrunarrymi				8	8
401	Silfurtún, Búðardal	Hjúkrunarrymi				3	3
401	Hlévangur, Reykjanesbæ	Hjúkrunarrymi				3	7
401	Kirkjuhvoll, Hvolsvelli	Hjúkrunarrymi				10	10
405	Hrafnssta, Reykjavík	Hjúkrunarrymi	183	183	183	186	246
405	Hrafnssta, Reykjavík	Dvalarrými	139	139	139	139	246
406	Hrafnssta, Hafnarfjörði	Hjúkrunarrymi	146	146	146	148	148
406	Hrafnssta, Hafnarfjörði	Dvalarrými	81	81	81	81	81
406	Hrafnssta, Hafnarfjörði	Dagvist	26	26	26	26	26
407	Grund, Reykjavík	Hjúkrunarrymi	169	169	181	181	187
407	Grund, Reykjavík	Dvalarrými	95	95	70	70	58
408	Sunnuhlíð, Kópavogi	Hjúkrunarrymi	50	65	72	72	72
408	Sunnuhlíð, Kópavogi	Dagvist	18	18	18	18	18
409	Hjúkrunarheimilið Skjöl	Hjúkrunarrymi	112	112	112	109	109
410	Hjúkrunarheimilið Eir	Hjúkrunarrymi	120	130	130	133	173
410	Hjúkrunarheimilið Eir	Dagvist				20	20
411	Gatðvangur, Garði	Hjúkrunarrymi	41	41	41	41	41
412	Hjúkrunarheimilið Skógarbær	Hjúkrunarrymi	68	68	68	70	70
412	Hjúkrunarheimilið Skógarbær	Endurhæfingardeild	11	11	11	11	11
413	Droplaugarstaðir, Reykjavík	Hjúkrunarrymi	68	68	68	68	82
414	Hjúkrunarheimilið Lundur, Hellu	Hjúkrunarrymi	22	23	23	25	25
414	Hjúkrunarheimilið Lundur, Hellu	Dvalarrými	8	8	8	8	8
414	Hjúkrunarheimilið Lundur, Hellu	Dagvist	2	2	2	2	2
415	Hulduhlíð, Eskifirði	Hjúkrunarrymi	17	17	17	17	17
415	Hulduhlíð, Eskifirði	Dvalarrými	7	7	7	7	7
415	Hulduhlíð, Eskifirði	Dagvist	1	1	1	5	5

Flnr	Heiti stofnunar	Tegund rýma						2006
		2000	2001	2002	2003	2004	2005	
416	Hornbrekka, Ólafsfirði	Hjúkrunarrými	20	20	20	20	20	20
416	Hornbrekka, Ólafsfirði	Dvalarrými	11	11	11	11	11	20
416	Hornbrekka, Ólafsfirði	Dagvist	6	6	6	6	6	11
417	Naust, Þórhöfn	Hjúkrunarrými	7	7	7	8	13	6
417	Naust, Þórhöfn	Dvalarrými	4	4	4	6	6	13
417	Naust, Þórhöfn	Dagvist	2	2	4	6	6	6
418	Seljahlíð, Reykjavík	Hjúkrunarrými	28	28	28	28	28	4
418	Seljahlíð, Reykjavík	Dvalarrými	55	55	55	30	15	28
419	Sólvangur, Hafnarfirði	Hjúkrunarrými	96	96	96	96	96	15
421	Víðines	Hjúkrunarrými	38	38	38	38	38	96
423	Höfði, Akranesi	Hjúkrunarrými	39	39	39	41	41	38
423	Höfði, Akranesi	Dvalarrými	39	39	39	37	37	41
423	Höfði, Akranesi	Dagvist	20	20	20	20	20	37
424	Dvalarh. aldraðra Borgarnesi	Hjúkrunarrými	20	20	20	20	20	20
424	Dvalarh. aldraðra Borgarnesi	Dvalarrými	34	34	34	34	34	20
425	Dvalarh. aldraðra Stykkishólmí	Hjúkrunarrými	10	10	10	10	10	20
425	Dvalarh. aldraðra Stykkishólmí	Dvalarrými	11	11	11	11	11	20
426	Fellaskjól, Grundarfirði	Hjúkrunarrými	10	10	10	10	10	20
426	Fellaskjól, Grundarfirði	Dvalarrými	7	7	7	7	7	20
427	Jaðar, Ólafsvík	Hjúkrunarrými	5	5	5	6	6	10
427	Jaðar, Ólafsvík	Dvalarrými	7	7	7	9	9	10
427	Jaðar, Ólafsvík	Dagvist	2	2	2	2	2	10
428	Fellsendi, Búðardal	Hjúkrunarrými	17	17	17	17	17	10
429	Barmahlíð, Reykhólmum	Hjúkrunarrými	12	12	12	13	13	10
429	Barmahlíð, Reykhólmum	Dvalarrými	2	2	2	2	2	10
433	Dalbær, Dalvík	Hjúkrunarrými	23	23	23	24	24	5
433	Dalbær, Dalvík	Dvalarrými	18	18	18	20	20	5
433	Dalbær, Dalvík	Dagvist	14	14	14	14	14	5
434	Öldrunarsstofnun Akureyrar	Hjúkrunarrými	90	90	108	110	110	5
434	Öldrunarsstofnun Akureyrar	Dvalarrými	90	90	72	70	70	5
434	Öldrunarsstofnun Akureyrar	Dagvist	24	24	24	28	28	5
436	Uppsalir, Fáskrúðsfirði	Hjúkrunarrými	13	13	13	13	13	28
436	Uppsalir, Fáskrúðsfirði	Dvalarrými	13	12	12	12	12	28
437	Heilbrigðisstofnun Suð-Austurlands	Hjúkrunarrými	26	26	26	26	26	12
437	Heilbrigðisstofnun Suð-Austurlands	Dvalarrými	14	14	14	14	14	12

Mál

Mál

Flnr	Heiti stofnunar	Tegund rýma						2006
		2000	2001	2002	2003	2004	2005	
437	Heilbrigðisstofnun Suð-Austurlands	Dagvist	7	7	7	7	7	7
438	Klausturhólar	Hjúkrunarrými	16	16	16	17	17	17
438	Klausturhólar	Dvalarrými	4	4	4	4	4	4
438	Klausturhólar	Dagvist	1	1	1	1	1	1
439	Hjallatún, Vík	Hjúkrunarrými	10	10	11	11	11	11
439	Hjallatún, Vík	Dvalarrými	8	8	7	7	7	7
440	Kumbaravogur, Stokkseyri	Hjúkrunarrými	40	40	40	42	42	42
440	Kumbaravogur, Stokkseyri	Dvalarrými	22	22	22	22	22	22
441	Ás Ásbyrgi, Hveragerði	Hjúkrunarrými	26	26	26	26	26	26
441	Ás Ásbyrgi, Hveragerði	Dvalarrými	70	70	70	70	70	70
441	Ás Ásbyrgi, Hveragerði	Geðrými	60	60	60	60	60	60
442	Hraunbúðir, Vestmannaeyjum	Hjúkrunarrými	25	25	25	25	27	27
442	Hraunbúðir, Vestmannaeyjum	Dvalarrými	19	19	19	19	17	17
442	Hraunbúðir, Vestmannaeyjum	Dagvist	10	10	10	10	10	10
443	Holtsbúð, Garðabæ	Hjúkrunarrými	28	28	28	40	40	40
443	Holtsbúð, Garðabæ	Dagvist				10	10	10
444	Vifilstaðir, Garðabæ	Hjúkrunarrými				50	50	50
447	Sóltn, Reykjavík	Hjúkrunarrými				92	92	92
460	Grenilundur, Grenivík	Dvalarrými	10	9	9	9	8	8
460	Hyammur, Húsavík	Dvalarrými	50	50	50	48	46	46
460	Helgafell, Djúpavogi	Dvalarrými	6	6	6	6	7	7
460	Blesastaðir, Skeiðum	Dvalarrými	15	15	13	12	12	12
460	Sólvellir, Eyrabakka	Dvalarrými	17	17	17	14	14	14
460	Silfurtún, Búðardal	Dvalarrými	7	7	7	11	8	8
460	Hlévangur, Reykjanesbæ	Dvalarrými	32	32	32	32	32	22
460	Hlíf, Ísafirði	Dvalarrými	11	11	11	11	11	11
460	Sæborg, Skagaströnd	Dvalarrými	13	13	13	13	10	10
460	Lagarás, Egilsstöðum	Dvalarrými	8	8	8	8	8	8
460	Fell, Reykjavík	Dvalarrými	30	30	30	30	30	30
460	Skiðbraut, Kópavogi	Dvalarrými	14	14	14	14	14	14
460	Gullsmári, Kópavogi	Dvalarrými	14	14	14	14	14	14
460	Kirkjuvöll, Hvolsvelli	Dvalarrými	31	31	31	31	31	28
460	Heilbrigðisstofnun, Blönduósí	Dvalarrými	12	12	12	12	12	28
460	Heilbrigðisstofnun, Sauðárkrúki	Dvalarrými	10	10	10	10	10	10
470	Dvalarheimili aldraðra heymarlausa	Dagvist	4	4	4	4	4	4

Mál.

Flnr	Heiti stofnunar	Tegund rýma						2006
		2000	2001	2002	2003	2004	2005	
472	Hlíðarbær, Reykjavík	Dagvist	20	20	20	20	20	20
473	Lindargata, Reykjavík	Dagvist	18	18	18	18	18	18
474	MS-félag Íslands, Reykjavík	Dagvist	40	40	40	40	40	40
475	Múlabær, Reykjavík	Dagvist	48	48	48	48	48	48
476	Friðuhús, Reykjavík	Dagvist	15	15	15	15	15	15
477	Sæborg, Skagastöðnd	Dagvist				2	2	2
477	Hvammur, Húsavík	Dagvist	10	10	10	13	13	13
477	Dagvist aldráðra Reykjanesbae	Dagvist	16	16	19	19	19	19
477	Dagvist aldráðra Skagafirði	Dagvist	4	4	8	11	11	11
477	Hlaðhamrar, Mosfellsbæ	Dagvist			4	9	9	9
477	Árborg, dagvistun aldraðra	Dagvist	6	6	6	9	9	9
477	Egilsbraut 9, Þorlákshöfn	Dagvist	5	5	5	5	5	5
477	Grindavíkurbær, dagvistun	Dagvist				3	5	5
477	þorragata 3, Reykjavík	Dagvist	40	40	40	40	40	40
477	Vesturbýggð, Bíldudal	Dagvist	3	3	3	3	3	3
477	Hlf. Ísafirði	Dagvist	8	8	8	8	8	8
477	Sjúkraskýlið, Suðureyri	Dagvist	5	5	5	5	5	5
477	Dagvist Siglufljardarkaupstaðar	Dagvist	7	7	7	7	7	7
477	Mörk, Kópaskeri	Dagvist	5	5	5	5	5	5
477	Vík, Raufarhöfn	Dagvist	5	5	5	5	5	5
477	Lagarás, Egilssíðum	Dagvist	3	3	3	3	3	3
477	Breiðdalsvík	Dagvist	5	5	5	5	5	5
477	Dagvistun aldraðra Blönduósí	Dagvist				2	2	2
477	Roðasalir, Kópavogi	Dagvist				20	20	20
477	Dagvist Seltjarnarnesbæjar	Dagvist				5	5	5
477	Ný dagvistarrymi 2006	Dagvist				5	5	5
477	Helgafell, Djúpavogi	Dagvist					35	
791	Víðihlíð, Grindavík	Hjúkrunarrymi	25	25	25	25	25	25
373	Landspítali háskólasjúkrahús	Hjúkrunarrymi	20	20	20	20	20	20
373	Landspítali háskólasjúkrahús	Dagvist	114	114	114	114	114	114
795	St. Jósefsspítali, Hafnarfirði	Hjúkrunarrymi				2	2	2
711	Heilbrigðisstofnun Akranes	Hjúkrunarrymi	26	26	26	26	26	26
715	St. Franciscuspítali, Stykkishólmi	Hjúkrunarrymi	9	9	9	9	9	9
721	Heilbrigðisstofnun Patreksfirði	Hjúkrunarrymi	18	18	18	18	18	18
735	Heilbrigðisstofnun Hölmavík	Hjúkrunarrymi	12	12	12	12	12	12

Flnr	Heiti stofnunar	Tegund rýma						2006						
		2000	2001	2002	2003	2004	2005	2000	2001	2002	2003	2004	2005	
725	Heilbrigðisstofnunin Ísafirði	Hjúkrunarrými	31	31	31	31	31	Hjúkrunarrými	31	31	31	31	31	31
731	Heilbrigðisstofnunin Bolungavík	Hjúkrunarrými	13	13	13	13	13	Hjúkrunarrými	13	13	13	13	13	13
745	Heilbrigðisstofnun, Blönduóssi	Hjúkrunarrými	30	30	30	30	30	Hjúkrunarrými	30	30	30	30	30	32
741	Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga	Hjúkrunarrými	24	24	24	24	24	Hjúkrunarrými	24	24	24	24	24	24
477	Dagvist Heilbrigðisstofnun, Hvammstanga	Dagvist						Dagvist						
751	Heilbrigðisstofnunin, Sauðárkrúki	Hjúkrunarrými	57	57	57	57	57	Hjúkrunarrými	57	57	57	57	57	57
755	Heilbrigðisstofnunin Siglufjörði	Hjúkrunarrými	28	28	28	28	28	Hjúkrunarrými	28	28	28	28	28	28
358	Fjörðungssjúkrahús Ísafirði	Hjúkrunarrými	27	27	27	27	27	Hjúkrunarrými	27	27	27	27	27	27
761	Heilbrigðisstofnun pingeyinga	Hjúkrunarrými	24	24	24	24	24	Hjúkrunarrými	24	24	24	24	24	24
777	Heilbrigðisstofnun Austurl. Egilsstöðum	Hjúkrunarrými	18	18	18	18	18	Hjúkrunarrými	18	18	18	18	18	18
777	Heilbrigðisstofnun Austurl. Seyðisfirði	Hjúkrunarrými	19	19	19	19	19	Hjúkrunarrými	19	19	19	19	19	19
477	Heilbrigðisstofnun Austurl. Seyðisfirði	Dagvist	5	5	5	5	5	Dagvist	5	5	5	5	5	5
777	Heilbrigðisstofnun Austurl. Neskaupstað	Hjúkrunarrými	9	9	9	9	9	Hjúkrunarrými	9	9	9	9	9	9
460	Heilbrigðisstofnun Austurl. Neskaupstað	Dvalarrými	11	11	11	11	11	Dvalarrými	11	11	11	11	11	11
777	Heilbrigðisstofnun Austurl. Vopnafjörður	Hjúkrunarrými	12	12	12	12	12	Hjúkrunarrými	12	12	12	12	12	12
791	Heilbrigðisstofnun Vestmannaeyjum	Hjúkrunarrými	16	16	16	16	16	Hjúkrunarrými	16	16	16	16	16	16
781	Heilbrigðisstofnun Selfossi	Hjúkrunarrými	26	26	26	26	26	Hjúkrunarrými	26	26	26	26	26	26
	Samtals		3.661	3.701	3.798	3.904	4.028	Samtals	3.661	3.701	3.798	3.904	4.028	4.200
Tegund rýma		Árið 2000	Árið 2001	Árið 2002	Árið 2003	Árið 2004	Árið 2005	2006						
Hjúkrunarrými		2.039	2.066	2.198	2.286	2.416	2.514	2.566						
Fellsendi	þar af hvíldarrými	7	7	16	38	38	38	38						
	þar af geðrymi	17	17	17	17	17	17	28						
Dvalarrými		1.049	1.047	1.001	976	939	918	916						
Dagvist		502	517	528	571	602	622	657						
þar af minnisjúkir		42	57	57	61	85	105	125						
þar af MS dagvist		41	41	41	41	41	41	41						
þar af endurhæfing dagvist		114	114	114	114	114	114	114						
Endurhæfingardeild		11	11	11	11	11	11	11						
Geðrymi		60	60	60	60	60	60	50						

Flnr	Heiti stofnunar	Tegund rýma					
		2000	2001	2002	2003	2004	2005
						74,0	

S.H. IB
SP LR
HWW
M/N

Fran: ~710971
Pjg. -